

12. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Þriðjudaginn 20. febrúar 2018 kl. 18.00 var haldinn 12. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Guðný Rut Isaksen verkefnastjóri var á fundinum.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

- 1. Undirritun fundargerðar 11. fundar**
- 2. Samþykkt erindi milli funda**
 - a. Beiðni DÍF um endurskoðun á gildistíma augnvottorða**

Beiðni DÍF um endurskoðun á gildistíma augnvottorða barst stjórn fyrst 9. september 2015. Upphaflega aflaði stjórn álits Finns Boserup og var það sent vísindanefnd 25. janúar 2017. Vísindanefnd skilaði niðurstöðu í maí sama ár og var það sent DÍF til umsagnar. Svar barst frá DÍF 15. janúar sl. þar sem fram kemur að stjórn og ræktunarráð deildarinnar telji ekki þörf að halda kröfu í gildi um augnskoðanir á hundum 7 ára og eldri eins og áður var.

Eftir umræður samþykkir stjórn tillögu vísindanefndar, sem var þó klofin í afstöðu sinni, en hlýtur nú stuðning DÍF og er ný regla svohljóðandi:

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. (Gildir frá 01.06.2007). [Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 7 ára aldur, gildir ævilangt](#)

að því tilskyldu að undaneldishundur hafi tvisvar áður verið augnskoðaður án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 15.01.2018). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Undanskilið ræktunarbanni er anterior polar cataract en para verður við hunda sem standast augnskoðun án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 09.09.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

b. Erindi frá skrifstofu varðandi ættbókarskráningu Cavalier-hvolpa

Erindi barst frá skrifstofu varðandi hvolpa af tegundinni Cavalier king charles spaniel þar sem óskað var eftir því að setja hvolpa undan tík, sem ekki var augnskoðuð á báðum augum, í ræktunarbann. Dýralæknum hafði ekki tekist að skoða annað auga tíkarinnar vegna svokallaðs „dry eye syndrome“ en reglur Cavalierdeildar um undaneldisdýr kveða á um að dýrin þurfi að vera augnskoðuð fyrir pörun.

Stjórn leitaði til erlendra sérfræðinga í augnsjúkdómum sem hafa augnskoðað hunda á Íslandi undanfarin ár. Miðað við þeirra ráðleggingar og upplýsingar var ákveðið að setja viðkomandi hund og afkvæmi hans í ræktunarbann. Ef umsókn um afléttingu ræktunarbanns bærst svo í framtíðinni yrði hún skoðuð sérstaklega og tekin afstaða til hennar.

c. NKU Youth Committee

Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Hafdís Jóna Þórarinsdóttir báðu Herdís Hallmarsdóttur að leggja erindi þeirra um endurvakningu NKU Youth Committee fyrir á NKU fundi sem haldinn var í febrúar. Fundurinn tók vel í beiðni þeirra Auðar og Hafdísar og var ákveðið að endurvefja nefndina. Hvert land innan samtakanna mun tilnefna einn fulltrúa í nefndina og verður fyrsti fundurinn haldinn hér á landi á árinu. Hafdís Jóna verður fulltrúi HRFÍ í nefndinni.

d. Erindi dómarráðs fuglahunda um nýjan dómaranema

Dómarráð fuglahundadómara lagði til að Einar Örn Rafnsson yrði samþykktur sem dómaranemi fuglahunda. Stjórn staðfesti tillöguna.

3. Erindi frá FHD um veiðipróf fyrir meginlandshunda

Stjórn tók fyrir umsókn FHD frá 23. janúar 2018 þar sem deildin óskar eftir að halda meginlandshundapróf eftir FCI reglum (SKF) á árinu 2018. Óskað er eftir að halda próf fjórar helgar, eða átta prófdaga, þar af fjóra daga í heiðarpróf og fjóra í sækipróf. Er sérstaklega tekið fram að sótt sé um að prófið sé til einkunna, eða hafi gildi í kerfum HRFÍ til meistara á sama hátt og önnur próf. Stjórn hefur ekki heimild til að samþykkja umsóknina eins og hún er úr garði gerð, og kom þeim ábendingum á framfæri til FHD með tölvupósti 30. janúar.

Um veiðipróf í tegundahópi 7 gilda veiðiprófsreglur sem tóku gildi 1. janúar 2014. Einungis er hægt að halda próf til einkunna á grundvelli þessara reglna innan tegundahóps 7. Í gildandi reglum er ekki gert ráð fyrir að hægt sé undir sérstökum kringumstæður að veita undanþágur frá þeim. Í fyrra samþykkti stjórn því opið próf sem sérstakan viðburð. Ekki er sóst eftir opnu prófi að nýju. Heimild skortir því til að samþykkja umsóknina og er henni af þeim sökum hafnað.

Stjórn hefur skilning á því að þau veiðipróf sem haldin eru samkvæmt núgildandi reglum henti eyjahundum betur en sumum meginlandshundategundum og getur tekið undir að það yrði til bóta að bæta við meginlandsprófum sem henta þeim hundakynjum betur. Til þess að frammistaða og stig séu metin sem fullnægjandi árangur til að hljóta veiðiprófsmeistaratitil þarf að breyta veiðiprófsreglum fyrir tegundahóp 7. Nýjar reglur má samþykkja á fimm ára fresti og 2018 er ár endurskoðunar. Um endurskoðun veiðiprófsreglna í tegundahópi 7 gildir 12. gr. reglnanna en þar segir;

„Breytingar á veiðiprófsreglum fyrir tegundahóp 7. Heildarendurskoðun veiðiprófsreglna skal fara fram á 5 ára fresti **að frumkvæði deilda** í tegundarhópi 7. Starfandi deildir í tegundahóp 7 skulu tilnefna 1 fulltrúa hver

í **endurskoðunarnefnd** og skal nefndin fara yfir innkomnar athugasemdir við gildandi reglur, taka afstöðu til þeirra, kynna breytingar, kalla eftir athugasemdum frá félagsmönnum, stjórnnum deildanna og dómararáði áður en hún skilar **fullmótuðum tillögum til stjórnar HRFÍ til samþykktar**. Reglurnar eru þó alltaf opnar fyrir minniháttar breytingum á milli heildarendurskoðanna ef brýn nauðsyn er á. Stjórnir deildanna skulu þá koma saman og ræða slíkt og leggja fyrir HRFÍ til samþykkis ef breytinga er þörf. Einhugur allra stjórna í tegundhópi 7 þarf að ríkja um slíkar breytingar. "

Hlutverk stjórnar HRFÍ er því að samþykkja breytingar þegar endurskoðunarnefnd hefur komið sér saman um breytingar og kallað hefur verið eftir athugasemdum frá félagsmönnum og stjórnnum deildanna og dómararáði. **Frumkvæðið og ábyrgðin á breytingum er hjá deildunum sjálfum.** Í ljósi afgreiðslu umsóknarinnar og ástæðu synjunarinnar vill stjórn því jafnframt framsenda umsóknina til endurskoðunarnefndar.

4. Fundir með nefndum félagsins

Á fund stjórnar mættu fulltrúar fræðslunefndar, skólanefndar, sýninganefndar og Sólheimakotsnefndar.

Kl. 18 mættu f.h. fræðslunefndar þær Sigurlaug Rósa Dal Christiansen og Sigrún Gulludóttir en Guðbjörg og Guðný sitja líka í nefndinni. Fyrir skólanefnd mætti Anna Birna Björnsdóttir. Kl. 18.30 mætti Vordís Sigurþórsdóttir úr sýninganefnd. Sigurlaug Rósa sem einnig á sæti í nefndinni sat áfram en Guðný og Þorsteinn eru líka í nefndinni.

Enginn mætti fyrir hönd ættbókar- og staðlanefnar. Nefndin hefur ekki fundað á þessu starfsári.

Stjórn ákvað að skipa Lilju Dóru formann nefndarinnar og fela henni að boða til fundar. Þá lagði Herdís til að nefndinni yrði falið það verkefni að endurskoða reglugerð um skráningu í ættbók með hliðsjón af reglum FCI. Eins að gerður yrði almennur samanburður á kröfum um heilsufarsskoðanir sem krafist er á

Norðurlöndunum og hér á Íslandi og gera stjórn og viðkomandi ræktunardeild viðvart ef mikill greinarmunur væri á milli.

Að endingu mættu f.h. Sólheimakotsnefndar þau Atli Ómarsson, Sigrún Hulda Jónsdóttir og Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir. Pétur Alan og Guðbjörg eiga einnig sæti í nefndinni.

Almennt var farið yfir verklag, núverandi verkefni rædd, áherslur og framtíðarsýn.

Stjórn lagði þannig áherslu á að allar nefndir skipuðu sér formann sem bæri ábyrgð á að boða reglulega til funda og halda utan um dagskrá. Þá væri gott að skjalfesta ákvarðanir sem teknar eru og hvaða verkefnum er deilt út. Um verkefnið væri nauðsynlegt að tilnefna ábyrgðaraðila þannig að það væri skýrt hver bæri ábyrgð á framkvæmd ákvörðunar. Gott væri að setja sér tímaramma til að klára verkefni.

Fundi slitið kl. 20.00.